

# 7. bekkur Samfélagsgreinar kennsluáætlun 2019-2020 eftir áramót

---

Kennarar: Sigurlaug Guðjónsdóttir

7

## Markmið - Hvað ætlum við að læra?

Fjallað verður um Evrópu og eiga nemendur í stórum dráttum að geta glöggvað sig á landlagi, loftslagi, gróðurfari og helstu náttúruauðlindum álfunnar. Einnig er fjallað um höf, legu landa, íbúafjölda og samgöngur. Nemendur kynnast atvinnuháttum, lífsháttum, stjórnarfari og menningu í ólíkum löndum.

## Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Evrópa grunnbók og vinnubók.

Ein grjóthrúga í hafinu.

Kortabók

## Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

Nemendur vinna á fjölbreyttan og skapandi hátt og hafa ýmsa möguleika til að læra og sýna hvaða hæfni þeir hafa tileinkað sér. Þeir vinna ýmist einir, í pörum eða í stærri hópum. Áhersla er lögð á meðvitund nemenda um eigið nám og að þeir beri ábyrgð á námi sínu í samræmi við þroska.

## Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Vinnueinkunn, ritgerð, hópverkefni, sjálfsmat/jafningjamat og kennaramat og próf úr ákveðnu efni

### GF samfélagsgreinar 7. bekkur - Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann

- Rætt á upplýstan hátt um tímabil, atburði og persónur, sem vísað er til í þjóðfélagssumræðu.
- Gert grein fyrir hugmyndum um samhjálp og velferð og framkvæmd hennar í samfélaginu.
- Lýst náttúruferlum sem hafa áhrif á land og gróður.
- Gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis, hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum til verndar.
- Rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs.
- Lýst nokkrum einkennum lýðræðislegra samfélagshátta.
- Lýst með dæmum hvernig samfélagsgerð tengist lífi einstaklinga.
- Áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði.
- Notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga.
- Velt fyrir sér ýmsum þáttum sem sagan hefur mótast af, svo sem umhverfi, samfélagsskipulagi og þjóðfélagsshreyfingum.
- Greint hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum.
- Gert grein fyrir hlutverki nokkurra helstu stofnana samfélagsins.
- Sýnt fram á skilning á kostnaði eigin neyslu og sé læs á þau áhrif sem ýmis tilboð og auglýsingar hafa eigin neyslu og á samfélagið.

### GF samfélagsgreinar 7. bekkur - Hugarheimur- Sjálfsmýnd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

- Lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfsmýnd hans, svo sem úr nærsamfélagi, umhverfi og menningu.
- Gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum.
- Tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti.
- Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum.

- Sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni.
- Lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á, áhrifum þeirra á hugsun og hegðun.

### **GF samfélagsgreinar 7. bekkur - Félagshéimur - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra**

- Tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.
- Rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum.
- Sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.
- Tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.
- Rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra.
- Sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju.